

Brjef stjórnarráðsins til sjúslumannsins í Skagafjarðarsjúslu um flutning þingstaðar. **1**

18. jan.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, og beiðni hreppsnefndarinnar í Seiluhreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Stóru Seilu að Brautarholti (áður Litlu-Seilu) með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til landlæknis um nýja lyfsöluskrá.

2

Jafnframt því að endursenda yður hjermeð, herra landlæknir, lyfsöluskrá þá hina nýju, er fylgdi brjefi yðar, dags. 29. f. m., og stjórnarráðið í dag hefir staðfest til að öðlast gildi 1. febrúar næstkomandi, felur stjórnarráðið yður að sjá um prentun skrárinnar á venjulegan hátt. 21. jan.

Athygli yðar skal vakin á því að út úr skránni skulu tekin vínin, sem aftast eru nefnd, fjögur að tölu, öll nema Malaga, sbr. yfirstrikanir stjórnarráðsins, og skal um þetta það tekið fram, er hjer segir:

Í 2. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi er hjeraðslæknum og lyfsölum heimilað að flytja inn áfengi, sem skylt er að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Lyfjaskrá sú, er gildir hjer á landi, er Pharmacopoea Danica, sbr. auglýsing 10. ágúst 1908. Þegar því ákveða ber hvaða áfengi megi flytja inn til læknisdóma, verður það eingöngu komið undir því, hvernig lyfjaskráin verði skilin í þessu efni. Ákvæðin um spiritus eru ótvíráð í lyfjaskránni. Ágreiningur er aftur á móti um vínin. Í meginmáli lyfjaskrárinnar eru nefnd »vina medicata« og »vinum chinac«. Samkvæmt upplýsingum frá lyfsalanum í Reykjavík, er Malaga nú haft við tilbúning greindra vína. Virðist því enginn vafi á því að Malaga megi flytja inn. Hins vegar hefir lyfsaliinn skýrt frá því, að við tilbúning lyfjanna á lyfjaskránni þurfi eigi að halda á öðru víni en Malaga, og í meginmáli skrárinnar eru eigi önnur vín nefnd en þau, sem nú hafa verið greind. Í 21. lið í inngangi lyfjaskrárinnar er tekið fram, að vinum og öðrum efnum, sem hægur sje aðgangur að, sje ekki lýst í lyfjaskránni. Þessi orð má að visu skilja á þá leið, að gengið sje út frá því að greind vín og efni þyki hæf til lækninga, en hitt virðist einnig ljóst, þar sem þeim er ekki lýst í lyfjaskránni, að lyfsalar og læknar eru eigi skyldir til að hafa þau, enda, ef tilætlunin hefði verið að skylda lyfsala og lækna til að hafa greind efni, hefðu þá varla verið brúkuð svo óákveðin orð »önnur efni sem hægur aðgangur er að«. Verður því eigi annað sjeð en að full heimild sje til að lita svo á, að vín og önnur efni